

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans um gjald fyrir krossbandssendingar 50
með póstum, er eigi er nægilega borgað undir. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt 20. marz
brjef yðar, herra póstmeistari, dagsett 27. jan. þ. á, viðvikjandi umkvörtun rit-
stjóra Valdímars Ásmundssonar yfir því, hve hátt burðargjald er tekið
fyrir krossbandssendingar, sem ekki hefur verið borgað undir fyrir fram, skal
yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jafnvel
þótt heimild sje til eptir lögunum að heimta tvöfalt brjefburðargjald undir óbörg-
aðar krossbandssendingar, þá álit jeg þó rjettast að fylgja eptirleiðis samskonar
reglu og þeirri, sem sett er í »Udenrigs Brevposttaxt« frá 1. júlí 1892 bls. 12,
3. málsgr., og tvöfalda að eins þá upphæð, sem vantar á að fullborgað sje und-
ir sendinguna sem krossbandssending, og skal jeg þjónustusamlega skora á
yður að haga kröfum eptir því.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um yfirstjórn skrásetningar- 51
og skipamælingarmálefni. (Ágrip). — Samkvæmt allra þegnsamlegustu tilögum ráða 25. marz
neytisins fyrir Ísland, hefur Hans Hátign konunginum þann 20. þ. m. allramildi-
legast þóknast að samþykkja það, að yfrumsjón þeirra málefna, er snerta skipa-
skrásetning og skipamæling á Íslandi, skuli falin aðalstjórn skattamálanna.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um styrk til gufu- 52
bátsferða í Vestfirðingafjórðungi. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, 10. apr.
herra sýslumaður, dagsett 17. f. m., þar sem þjer skýrið frá, að ómögulegt hafi
reynzt að koma á í einu lagi gufubátsferðum um Vestfirðingafjórðung og á Húna-
flóa, vil jeg hjer með samkvæmt beiðni sýslunefndarinuar í Ísafjarðarsýslu og
tillögum yðar veita af fje því, sem í 12. gr. C. b. í fjárlögnum fyrir 1896 og
1897 er veitt til gufubátsferða í Vestfirðingafjórðungi, til gufubátaferða um Ísa-
fjarðardjúp á komandi sumri $\frac{3}{4}$ á móti $\frac{1}{4}$ úr hlutaðeigandi sýslu- og bæjarsjóði,
allt að 3200 krónum, með því skilyrði, að bátur sá, sem ráðinn verður til þess,
ara ferða flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomu-
stöðum, án sjerstaks endurgjalds.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leið,
beiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans 53
á Akureyri um lán til tóvinnuvjela. — Í þóknanlegum brjefum, dagsettum 12. f. m., 10. apr.
hafið þjer, herra sýslumaður og bæjarfógeti, fyrir hönd bæjarstjórnar Akureyrar-
kaupstaðar farið þess á leit, að jeg veitti samþykki til þess, að Akureyrarkaup-
staður taki 2000 kr. lán til þess ásamt sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu að koma upp
tóvinnuvjelum, og í umboði sýslunefndarinnar og bæjarstjórnarinnar beiðst láns
til þessa fyrirtækis af viðlagasjóði, að upphæð 12000 kr., gegn ábyrgð sýslu-
fjelagsins að $\frac{5}{6}$ hlutum og bæjarfjelagsins að $\frac{1}{6}$ hluta.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að heimild sú,